

Útdráttur

Í þessari rannsóknarritgerð er leitast við að kanna hvort unglingsar sækist fremur eftir karl- eða kvenkennara í starfi sem og að leita eftir hvaða eiginleikum kennari þeirra eigi helst að búa yfir. Einnig mun verða skoðað hvort kyn kennara hafi áhrif á kennslu.

Í ritgerðinni er fjallað um kynjamótun og kynhlutverk, hvernig við móturnum kynhlutverk okkar og hverjir séu helstu áhrifavalldarnir. Rætt er hvernig skólastarfið hefur þróast með árunum og þær breytingar sem fylgt hafa í kjölfarið. Rætt er um samræmd próf nemenda og stöðu kennara innan grunnskólans, hlutfall starfandi kennara á landsvísu er skoðað eftir kynjum. Einnig er hlutfall umsjónarkennara skoðað út frá kynjahlutfalli í grunnskólum Akureyrar.

Raddbeiting og agi eru samverkandi þættir og mismunandi eftir kynjum hvernig kennrarar geta beitt hvoru tveggja. Röddin er helsta atvinnutæki kennara og mikilvægt er að þeir kunni að beita röddinni rétt og viðhaldi með því góðri raddheilsu. Mikilvægt er að góður agi sé innan skólans til að skapa góðan vinnufrið fyrir nemendur og kennara.

Rannsóknarspurningarnar sem leitast var við að svara voru: *Hefur kyn kennara áhrif á kennslu? Finnst nemendum á unglingastigi skipta máli af hvoru kyninu kennari þeirra er? Hvaða eiginleikum telja nemendur að kennari þeirra eigi að búa yfir?* Notuð var megindeg rannsóknaraðferð þar sem spurningalistar voru lagðir fyrir nemendur í 9. bekk á Akureyri. Úrtakið var 266 nemendur eða 134 stelpur og 132 strákar.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru að nemendum finnst ekki skipta máli af hvaða kyni kennari þeirra sé. Nemendur hafa hins vegar ákveðna skoðun á því hvaða eiginleika þeir vilja helst hafa í fari kennarans. Hann á einkum að vera skemmtilegur, fyndinn og þolinmóður. Kyn kennara virðist ekki hafa áhrif á kennslu, heldur þykir mikilvægara að kennari sé hæfur í starfi.

Abstract

The aim of this research paper is to examine whether teenagers want to have a male teacher rather than a female one, or vice versa, and find out which qualities they feel their teacher should possess. Another question which the paper will address is whether the teacher's sex affects teaching at all. The paper also deals with the development and roles of the sexes, how we develop our sex roles and which factors have the most important influence upon that development. The students' standard exams will be examined as well as the teachers' status within the primary/secondary school and the number of male versus female form teachers in the primary/secondary schools in Akureyri.

Voice and discipline are factors that work together, and there is some difference in the way a female teacher uses those and the way the male teacher does. The voice is the teacher's main teaching instrument and it is important to know how to use and wield a voice appropriately and therefore it is necessary maintain good voicehealth. Good discipline within the school is vital for creation of a harmonious work environment for both students and teachers.

The research questions the paper attempts to answer were: *Does the teacher's gender affect the teaching? Do teenage students think it is important whether their teacher is a man or a woman? What qualities do they feel their teacher should have?* The research method used was a quantitative one, where 266 students in 9th grade in Akureyri, 134 girls and 132 boys, answered a set of questions.

The most important result of the research was the fact that students do not think it matters whether their teacher is male or female. They do, however, have a firm opinion on which qualities their teacher should possess. The teacher should, for example, be interesting, funny and patient. The sex of the teacher does not seem to influence teaching, it is considered more important that the teacher is good at what he or she does.